

**Nd. 96. Frumvarp til laga [92. mál]**

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: María E. Ingvadóttir.

1. gr.

Við 68. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er framteljanda að nýta óráðstafaðan skattafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili eiga hjá framteljanda.

2. gr.

83. gr. laganna, sbr. l. nr. 7/1984 og l. nr. 72/1986, orðist svo:

Eignarskattur hjóna og sambýlisfólks reiknast þannig: Af fyrstu 1 525 000 kr. af eignarskattsstofni hvors um sig greiðist enginn skattur. Eigi skal reikna skatt af fyrstu 3 050 000 kr. af eignarskattsstofni einhleypinga og einstæðra foreldra. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt kveða á um það að hjón, eða sambýlisfólk, geti yfirfært ónýttan skattafslátt annars þeirra til hins sem hærri hefur tekjurnar. Nú er það svo að börn eldri en 16 ára sem enn eru í skóla ná því varla að afla svo mikilla tekna að skattafsláttur þeirra nýtist að fullu. Börn á þessum aldri þurfa mikið til sín og útlagður kostnaður foreldra er meiri vegna þeirra á þessum árum en nokkrum öðrum. Því má telja eðlilegt að foreldrar geti yfirfært til sín ónýttan skattafslátt barns síns með svipuðum hætti og nú er gert á milli hjóna. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir einstæða foreldra sem oft á tíðum standa að mestu leyti ein straum af kostnaði vegna uppeldis og menntunar barna sinna.

Ljóst er að á síðustu árum hefur orðið breyting á þeirri fjölskyldusamsetningu sem algengust var. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi og fólk kys í æ ríkara mæli að búa eitt sér, í eigin húsnæði. Orsaka má leita m.a. í aukinni menntun kvenna og þar af leiðandi meira fjárhagslegs sjálfstæðis. Lög um tekjuskatt og eignarskatt virðast ekki sem skyldi taka mið af þessum breyttu aðstæðum. Í núgildandi lögum eru eignarskattsmörk miðuð við hvern framteljanda þannig að einhleypingur eða einstætt foreldri nýtur aðeins helmings þess frádráttar frá eignarskattsstofni sem hjón og sambýlisfólk njóta. Dæmi má nefna að þegar annað hjóna fellur frá þá hækkar gjaldskyldur eignarskattsstofn þess sem eftir lifir um helming þess frádráttar sem hjónin nutu áður. Augljóst er að þetta kemur sér illa fyrir þann sem nú þarf einn að standa fyrir heimili sem tveir stóðu fyrir áður.